

Skólapúlsinn

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í fyrsta skipti í leikskólanum Ársölum í mars 2017. Ráðgert er að starfsmannakönnun Skólapúlsins verði lögð fyrir í Ársölum í fyrsta sinn í febrúar 2018. Allir leikskólarnir þrír í Sveitarfélaginu Skagafirði eru nú þátttakendur í Skólapúlsinum auk grunnskólanna í Skagafirði. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar m.a. samanburði á viðhorfi foreldra/forsjáraðila og starfsmanna í leikskólum við aðra leikskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Sérstakur matskvarði er notaður til að lesa úr niðurstöðum kannana í Skólapúlsinum. Mælieiningarnar eru mismunandi. Þannig er tíðni ýmis birt sem fjöldi eða hlutfall. Meðaltöl eru birt á bilinu 0-10. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 95% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Það merkir þá að svör þátttakenda í rannsókninni hafi tölfræðilega marktækt verið frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Ef svarhlutfall mælist undir 60% eru niðurstöður ekki birtar. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá [hér](#).

Skólapúlsinn foreldrar

Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr 34 leikskólum sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðunandi svarhlutfalli. Könnunin var lögð fyrir í mars 2017. Könnunin var send út til foreldra/forsjáraðila allra barna á leikskólanum og var fjöldi svarenda 137 og svarhlutfallið 90,7%. Sá háttur er hafður á að ef báðir foreldrar/forsjáraðilar eru með skráð netföng í leikskólanum þá er helmingur könnunarinnar sendur á netfang hvors foreldris. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutumum. Foreldrakönnunin mælir 29 þætti sem skipt er upp í sex efnisflokka þeir

eru: daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta og opin svör.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
1. Daglegt leikskólastarf				
Ánægja með leikskólann	81,5%	101/124	80,1%	1,4%
Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi	67,4%	64/95	82,1%	-14,7%*
Ánægja barnsins í leikskólanum	94,1%	112/119	94,6%	-0,5%
Hæfilegur fjöldi barna á deild	83,5%	111/133	88,1%	-4,6%*
Hollt mataræði	78,5%	102/130	89,0%	-10,5%*

Í floknum daglegt leikskólastarf mælast þrjú þættir marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir: stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi, hæfilegur fjöldi barna á deild og hollt mataræði. Ánægja með leikskólann í heild mælist þó örlítið hærrí en í viðmiðunarskólunum en þar er munurinn þó ekki marktækur. Foreldrar meta ánægju barnsins í leikskólanum örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
2. Námsumhverfi				
Vinnubrögð	82,5%	66/80	87,2%	-4,7%*
Aðstaða	79,8%	67/84	81,9%	-2,1%
Félagsleg samskipti	95,4%	83/87	90,3%	5,1%
Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	91	96,5%	3,5%*

Í floknum námsumhverfi mælist ánægja foreldra með vinnubrögð starfsfólks í starfi með barninu marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. Þátttaka án aðgreiningar mælist marktækt hærrí en í viðmiðunarskólunum. Hér eru allir svarendur í Ársölum á sama máli og eru ýmist sammála eða mjög sammála um að börn þeirra séu virkir þátttakendur í leikskóla án aðgreiningar. Foreldrar eru ánægðari með þjálfun félagslegra samskipta í leikskólunum miðað við viðmiðunarskólana en munurinn mælist þó ekki marktækur. Viðhorf foreldra til aðstöðu námsumhverfis í Ársölum mælist örlítið lakari en í viðmiðunarskólunum.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
3. Samskipti við foreldra				
Upplýsingamiðlun	50,0%	65/130	63,7%	-13,7%*
Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	74,0%	97/131	80,7%	-6,7%*
Tengsl við starfsfólk leikskólans	97,8%	134/137	95,7%	2,1%
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	69,1%	85/123	73,2%	-4,1%
Tímasetning viðburða	82,8%	101/122	84,1%	-1,3%
Heimasíða leikskólans	85,6%	113/132	85,5%	0,1%

Í floknum *samskipti við foreldra* mælast tveir þættir marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum. Annar þátturinn snýr að *upplýsingamiðlun* en einungis 50% svarenda eru sammála eða mjög sammála þeim tíu staðhæfingum varðandi upplýsingagjöf sem svarendur eru beðnir um að taka afstöðu til. Hinn þátturinn snýr að *þekkingu foreldra á stefnu og námsskrá leikskólans*. *Tengsl foreldra við starfsfólk leikskólans* mælast örlítið hærri en hjá viðmiðunarskólunum en 97,8% svarenda segja þau ýmist vera frekar eða mjög góð. Færri foreldrar segjast vera *hvatnir til þátttöku í leikskólastarfinu* en í viðmiðunarskólunum. Tæp 83% foreldra segja *tímasetningu viðburða* þar sem óskað er eftir þátttöku þeirra í leikskólanum hentugar. Upplýsingar sem birtast á *heimasíðu leikskólans* og gagnsemi þeirra mælist við landsmeðaltal.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
4. Upphaf og lok leikskólagöngu				
Leikskólabyrjun	51,3%	20/39	70,9%	-19,6%*
Flutningur milli skólastiga	75,0%	12/16	71,4%	3,6%
Flutningur milli deilda	90,1%	82/91	86,9%	3,2%

Í floknum *upphaf og lok leikskólagöngu* mælist þátturinn *leikskólabyrjun* marktækt lægri en hjá viðmiðunarskólunum. Af þeim 39 foreldrum sem tóku afstöðu til allra sex liðanna í þessum matsþætti vitnuðu 20 þeirra eða 51,3% um að allar staðhæfingarnar ættu við um aðlögun barns síns á leikskólanum. Varðandi *flutning barna á milli skólastiga* þá segjast 75% svarenda eða 12 foreldrar af 16 ýmist vera sammála eða mjög sammála því verklagi sem viðhaft er við flutning barna á milli skólastiga við skólaskil. Varðandi *flutning barna á milli deilda í Ársölum* þá segjast 90% foreldra vera sáttir við aðkomu þeirra að flutningi barnsins á milli deilda en þessi þáttur mælist örlítið hærri en í viðmiðunarskólunum.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta				
Hlutfall sérkennslu og stuðnings	9,6%	13/135	16,7%	-7,1%*
Hlutfall sérfræðipjónustu	9,6%	13/136	14,3%	-4,7%*

Þrettán foreldrar segja að barnið hafi fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu. Ennfremur segja þrettán foreldrar að þeir hafi óskað eftir sérfræðipjónustu fyrir barnið á skólaárinu (s.s. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) og fengið þjónustuna. Fjórir foreldrar segjast hafa óskað eftir sérfræðipjónustu fyrir barnið sitt á skólaárinu en vera á biðlista. Báðir matsþættir í þessum flokki mælast marktækt lægri en í viðmiðunarskólunum.